

Kristján Magnússon

Doktorsvörn frá Menntavísindasviði

15. ágúst 2011 í hátíðarsal Háskóla Íslands varði Kristján Þór Magnússon doktorsritgerð sína

*Hreyfing og þrek 7 og 9 ára Íslendinga - Samanburður tveggja úrtaka og áhrif tveggja ára skólaíhlutunar (Physical Activity and Fitness of 7- and 9-year-old Icelanders - A Comparison of Two Cohorts and the Effects of a Two-Year School-Based Intervention).*

Andmælendur voru dr. Ylva Trolle Lagerros, læknir og faraldsfræðingur við Karolinska spítalann í Stokkhólmi og dr. Ragnar Bjarnason, sérfræðingur í innkirtlasjúkdómum barna og unglinga, Landspítala.

Aðalleiðbeinandi var dr. Erlingur Jóhannsson, prófessor við Íþróttá- tómsunda- og þroskaþjálfadeild Háskóla Íslands, og meðleiðbeinandi var dr. Þórarinn Sveinsson, dósent við Læknadeild Háskóla Íslands.

Dr. Jón Torfi Jónasson, prófessor og forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, stýrði athöfninni

Doktorsritgerðin byggir á niðurstöðum tveggja rannsóknaverkefna sem unnin voru árin 2003-2004 og 2006-2008 innan alls 24 grunnskóla á landinu. Því samanstendur doktorsritgerðin af stöðumati á hreyfingu og þreki 9 ára barna á árunum 2003-2004, af mati á áhrifum íhlutunaraðgerða sem ráðist var í til að bregðast við þeirri þróun og stöðu sem fannst 2003-2004, og að síðustu, samanburði á stöðu hreyfingar og þreks meðal 9 ára barna með fimm ára millibili, 2003 og 2008. Mælingar á þessum útkomubreytum voru framkvæmdar með hlutlægum mælitækjum, annarsvegar hröðunarmælum og hinsvegar þrepaskiptu hámarksprófi á þrekhljóli sem hefur háa jákvæða fylgni við hámarkssúrefnisupptöku (e.  $VO_{2MAX}$ ).

Meginniðurstöður doktorsritgerðarinnar voru þær að þótt aðgerðir sem gripið var til yfir tveggja ára íhlutunartímabil innan þriggja reykvískra skóla hafi skilað aukinni hreyfingu meðal barna á skólatíma, þá hafði slík íhlutun lítil eða engin áhrif á hreyfingu barna utan skólatíma, þrek þeirra eða holdafar. Einnig voru hreyfing og þrek 9 ára reykvískra barna (fæddum 1994 og 1999) minni árið 2008 samanborið við 2003.